



STAKSTEINAR

ESBarar með ónot

Það er fremur ógeðfellt hve marga, þar á meðal þeir sem síst skyldu, virðast hafa horn í síðu íslensks landbúnaðar. Páll Vilhjálmsson skrifar í sinn pistil:

Auðringurinn Hagar, sem stjórnar matvöruverzluninni í landinu, og vinstriflokkarnir eru komnir í bandalag gegn landsbygðinni.



Páll Vilhjálmsson

Förstjóri Haga vill hjóla- atkvæðagreiðslu um nýjan búvörusamning og formaður Samfylkingar vill stokka upp landbúnaðinn.



Benedikt Jóhannesson

Vinstrimenn í Reykjavík 101 supu hveljur þegar nýr búvörusamningur var samþykktur á alþingi með atkvæðum og hjásetu þingmanna Vinstri grænna, Samfylkingar og Pírata. Bandalag auðhringsins og vinstrimanna er talandi dæmi um hve vefsjarri ráðandi öfl á vinstri kant stjórnmalanna eru hagsmunum almennings.

Hagar eru stórgróðaafyrirtæki sem borgar starfsfólki sínu rúman þúsundkall á tímann og situr yfir hlut bænda og búalífs. Vinstri- menn vilja meiri Haga og minna af íslenskum landbúnaði.

Í framtaldan hóp vantar nýja flokkinn, Viðreisn. Handhafi flokksins, Benedikt Jóhannesson, var harðorður í garð íslensks landbúnaðar í sjónvarpsstöðinni Hringbraut, sem hróflað var upp til undirbúnings flokksstofnunninn. Augljóst var af orðum Benedikts að Viðreisn, eins og systurflokkurinn Samfylkingin, telur landbúnaðinn hluta af „ónýta Íslandi.“

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni <http://mbl.is/mogginn/leidarar/>

VEÐUR KL. 12 Í DAG



Veður víða um heim 15.9., kl. 18.00

Reykjavík	10	rigning
Bolungarvík	9	rigning
Akureyri	13	skýjað
Nuuk	7	lettiskýjað
Þórshöfn	12	rigning
Oslo	23	helðskirt
Kaupmannahöfn	22	helðskirt
Stokkhólmur	19	helðskirt
Helsinki	15	skýjað
Lúxemborg	20	rigning
Brússel	23	helðskirt
Dubín	19	skýjað
Glasgow	19	skýjað
London	26	þrumuveður
París	19	rigning
Amsterdam	28	helðskirt
Hamborg	25	helðskirt
Berlín	25	helðskirt
Vín	26	lettiskýjað
Moskva	11	skýjað
Algarve	24	lettiskýjað
Madrid	19	lettiskýjað
Barcelona	21	lettiskýjað
Mallorca	27	lettiskýjað
Róm	24	lettiskýjað
Apína	28	lettiskýjað
Winnipeg	16	lettiskýjað
Montreal	15	lettiskýjað
New York	20	rigning
Chicago	21	skýjað
Orlando	29	skýjað

16. september	Sólaruppris	Sósetur	Tímabil
REYKJAVÍK	6:56	19:50	
ISAFJÖRÐUR	6:58	19:57	
SKLUFJÖRÐUR	6:41	19:40	
DJÚPÞOGUR	6:25	19:20	

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2016, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2016 og önnur gjaldfallin álfögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2016, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álfögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slýsatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoðnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Pá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreignin fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2016

Tollstjóri  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi  
Sýslumaðurinn á Vestfirðum  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi  
Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Fimm framboð til formennsku í Neytendasamtökunum



Jóhannes Gunnarsson

Nýr formaður Neytendasamtakanna verður kjörinn á þingi samtakanna sem fram fer hjóla 22. október. Jóhannes Gunnarsson, sem verði hefur formaður um árabíl, gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Jóhannes hefur verið formaður samtakanna síðan 1984 að undanskildum tveimur árum, lengur en nokkur annar.

Frambjóðendur til formanns eru fimm talsins: Árni Eðvaldsson, Guðjón Sigurbjartsson, Ólafur Arnarson, Pálmei Gísladóttir og Teitur Atlason. Teitur er núverandi varaformaður samtakanna.

Tólf manns, utan formanns, eiga sæti í stjórn en frambjóðendur eru þrettán talsins: Ása St. Atladóttir, Björn Þór Karlsson, Dominique Plédel Jónsson, Fríða Vala Ásbjörnsdóttir, Guðni Gunnarsson, Gunnar Alexander Ólafsson, Helgi Jóhann Hauksson, Katrín Þorvaldsdóttir, Ragnar Unnarsson, Sigurður Mátsson, Stefán Hrafn Jónsson, Stella Hrónn Jóhannsdóttir og Þórey S. Þórisdóttir.

Fram kemur í frétt á heimasíðu samtakanna að í næsta Neytendablaði, sem félagsmenn fá sent heim, verði að finna kynningu á öllum frambjóðendum. Þá er minnt á að vilji félagsmenn mæta á þingið þurfa þeir að skrá sig með a.m.k. viku fyrirvara.

Neytendasamtökin voru stofnuð 26. janúar 1953. [sisi@mbl.is](http://sisi@mbl.is)

ÁRÉTTING

Eiga sumarhúsið saman

Í grein í Morgunblaðinu í gær um sunnanverða Vestfirði sagði meðal annars frá hinum íslensku Wathnesysturum í New York sem þar eiga sumarhús við Kollafjörð. Rétt er að þær eiga húsið ásamt Harald Snæholm f.v. flugstjóra og konu hans, sem jafnframt létu útbúa flugbraut þá sem er neðan við hjóðveginn á þessum slóðum.